

REGLUGERÐ

58

1. apríl

um breyting á reglugerð nr. 115 25. okt. 1938, um breyting á reglugerð
nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

1. gr.

Í 2. gr. falli niður úr fyrstu setningu e-liðs orðin: „á lágspennulínunni“ og úr síðustu setningu sama liðs orðin: „og hún þarf eigi að vera meiri en 2 m.“

2. gr.

Í 2. gr. bætist við e-liðinn á eftir tölulið 2 nýr töluliður, svo hljóðandi:

3. Símalínan sé úr viðurkenndum úteinangruðum vír, enda sé a) þverunarfak lágspennulínunnar ekki yfir 50 m að lengd og vírar hennar margþættir úr eir, brónsi eða jární og eigi grennri en 16 mm², eða b) þverunarfak lágspennulínunnar ekki yfir 30 m og vírar hennar úr eir, brónsi eða jární og eigi grennri en 10 mm². Lóðrétt fjarlægð milli símataugar og lágspennutaugar má ekki vera minni en 1/5 hluti fjarlægðarinnar frá þverunarstaðnum til næsta festipunkts lágspennutaugarinnar eða næsta festipunkts símataugarinnar, eftir því hvor er fjær. Hún má þó ekki vera minni en 0,5 m.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Öðlast hún þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

Staðfesting ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sveins Guðmundssonar, hreppstjóra á Akranesi, og Mettu Steinunnar Hansdóttur, f. Hoffmann, konu hans,“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 3. apríl 1941.

59

3. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sveins Guðmundssonar, hreppstjóra á Akranesi, og
Mettu Steinunnar Hansdóttur, f. Hoffmann, konu hans.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af þeim hjónum Sveini hreppstjóra Guðmundssyni á Akranesi (f. 5. sept. 1859, d. 30. júlí 1938) og Mettu Steinunni Hansdóttur, f. Hoffmann, konu hans (f. 29. okt. 1848, d. 21. jan. 1934), og er stofnfé hans kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur —, gjöf þeirra.

2. gr.

Markmið sjóðsins er:

1. Að styrkja sjúkraskýli á Akranesi til áhaldakaupa, eftir því sem læknaþeir, er þar starfa, telja nauðsynlegast á hverjum tíma, þangað til sjúkraskýlið er orðið svo fullkomið að lækningatækjum og öðrum útbúnaði, að dómi lækna, að tiltækilegt þyki að verja útborguðum vöxtum að nokkru samkvæmt 2. málsgrein.